

Mál nr. 90/2014**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Upphaf fyrningafrests vegna umferðarslyss 13. nóvember 2005.****Gögn.**

1. Málskot fyrst móttakið 23. október 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 15. nóvember 2013, vegna samkomulags um frestun málsins þar til matsgerð liggur fyrir.
3. Matsgerð dags. 16. febrúar 2014.
4. Bréf V dags. 25. mars 2014.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M lenti í umferðarslysi þann 13. nóvember 2005. Hún leitaði á slysideild í kjölfarið sem og til annarra lækna af og til eftir það. Tilkynning barst V 25. maí 2012 og félagið telur kröfur M vegna afleiðinga slyssins hafa verið fyrndar þegar sú tilkynning barst og vísar til 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 því til stuðnings.

M vísar til 52.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og telur að hún hafi fyrst fengið nauðsynlegar upplýsingar um kröfu sína í nóvember 2009 þegar hún leitaði á Heilsugæsluna Miðbæ vegna afleiðinga slyssins. Það sé því í fyrsta lagi um áramótin 2009/2010 sem upphaf fjögurra ára fyrningafrests sé, sbr. orðalag þeirrar greinar. M vísar einnig til þess að hún hafi einungis verið 17 ára þegar slysið varð og verði að taka tillit til þess varðandi mat á upphafi fyrningafrests.

V telur að M hafi fengið vitneskju um kröfu sína og átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar um ári eftir slysið, eða á árinu 2006. Skv. 99. gr. umferðarlaga fyrnist kröfur fjórum árum frá lokum þess almanaksárs og hafi kröfur M því fyrnst um áramótin 2010/2011. Kröfur hafi ekki verið hafðar uppi við V fyrr en í maí 2012 og hafi þær þá verið fyrndar. V vísar sérstaklega til sameiginlegrar matsgerðar lögmanns M og V þar sem komi fram að stöðugleikapunktur vegna afleiðinga slyssins sé í febrúar 2006 og matsmaður hafi metið það svo að M hafi mátt gera sér grein fyrir að um varanleg einkenni væru að ræða vegna slyssins um ári eftir slysið eða á árinu 2006.

Álit.

Um kröfur M gilda ákvæði XIII. kafla umferðarlaga. Þar kemur fram í 99. gr. að allar bótakröfur skv. þessum kafla fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Gögn málsins sem og álit matsmanns, sem mat afleiðingar slyss M, styðja það eindregið að M hafi fengið þessa vitneskju og átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar á árinu 2006. Þessu mati hefur ekki verið hnekk og teljast kröfur M því fyrndar.

Niðurstaða.

Krafa M í ábyrgðartryggingu bifreiðar hjá V er fyrnd.

Reykjavík 30. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.